



Sveitarfélagið Vogar
Hanna Lís Hafsteinsdóttir
löndal 2
190 VOGAR

Garðabær, 5.2.2025

Málsnúmer: 202501-0098

IAS

Efni: Breiðagerði, tillaga að deiliskipulagi.

Vísað er í erindi frá Sveitarfélaginu Vogum, dagsett 24. janúar 2024, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Breiðagerði, frístundabyggð.

Á svæðinu í Breiðagerði eru þegar um 20 frístundahús sem byggð eru í samræmi við afstöðuuppdrátt sem gerður var fyrir hluta svæðisins af Guðjóni Samúelssyni árið 1974 ásamt afstöðuuppdrætti af öllu svæðinu sem gerður var Guðmundi L. Hafsteinssyni árið 1990. Skv. uppdrættinum frá 1990 eru á svæðinu 40 lóðir fyrir frístundahús og hafa allar 40 lóðirnar verið stofnaðar hjá Þjóðskrá. Fyrirkomulag lóða í deiliskipulagi er að mestu í samræmi við afstöðuuppdrættina frá 1974 og 1990.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Skipulagssvæðið er allt á nútímahrauni, sem nýtur verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (60/2013). Þá er hluti þess á náttúruminjaskrá, svæði 110: „Strandlengjan frá Fögruvík í Vatnsleysuvík að Straumi við Straumsvík“. Mikilvægt er að ströndinni og fjörusvæðum verði ekki raskað.

Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar eru vistgerðirnar mosahraunavist og lynghraunavist, með miðlungs verndargildi, ríkjandi á svæðinu en þar er einnig eyðihraunavist með lágt verndargildi.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson,
jarðfræðingur